

Borgarráð 3. febrúar 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um leigueignir fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd MSS22020062

Fyrirspurnir um leigueignir fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Á fundi borgarráðs er birt yfirlit yfir leigueignir og leigusala borgarinnar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Stærstu aðilar (leigusalar) eru Heimavellir, Leigufélagið Bríet og síðan "einkaaðilar". Einnig Stýrifell ehf., Krissakot ehf., Steinbúð ehf og E-Fasteignafélag ehf. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvernig leigusalar þetta eru í þeirri merkingu hver er leigan og hvort hún er innan „eðlilegra marka“. Um er að ræða 56 íbúðir. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um leiguverð þessara leigusala og samanburð á leiguverði þeirra á milli. Ekki er endilega farið fram á að leigusamningarnir verði birtir en óskað er eftir eins skýrum svörum og hægt er. Einnig er óskað upplýsinga um hvernig viðhaldi sé háttað og hverjir taka ábyrgð á því og meðtaka kvartanir sem og fylgja þeim eftir.